



Samtök sveitarfélaga á
höfuðborgarsvæðinu

Bæjarráð Kópavogs
Ásdís Kristjánsdóttir
Kópavogsbær
Digranesvegi 1
200 Kópavogi

Kópavogur, 08.07.2026
Málsnr. 2003010
PBG/HH

Efni: Samgöngusáttmálinn – sex mánaða skýrsla Betri samgangna ohf.

Á 630. fundi stjórnar SSH, hinn 6. júlí 2026, var ofangreint til umræðu og eftirfarandi bókað í fundargerð vegna þess:

2003010 - Samgöngusáttmálinn – Verkefni


Fyrirliggjandi er sex mánaða skýrsla Betri samgangna ohf., um stöðu og framgang verkefna dags. júní 2026, sbr. h-lið 6. gr. Samgöngusáttmálans. Stjórnarformaður og framkvæmdastjóri Betri samgangna ohf. kynna. Lagt er til að skýrslan verði send aðildarsveitarfélögunum til kynningar og kynnt kjörnum fulltrúum á sérstökum fundi 14. ágúst nk.

Niðurstaða fundar:

Lagt fram til kynningar. Skrifstofu SSH er falið að senda skýrsluna aðildarsveitarfélögunum til kynningar. Jafnframt fari sérstök kynning á efni skýrslunnar fram hjá þeim sveitarfélögum sem þess óska. Skrifstofu SSH er falið að undirbúa kynningarfund fyrir kjörna fulltrúa 14. ágúst nk.

Tilkynnist ofangreint hér með. Sé óskað frekari kynningar á efni skýrslunnar skal beiðnum þess efnis beint til Rakelar Þorbergsdóttur í netfangið rakel@betrisamgongur.is.

Virðingarfyllst,
Fyrir hönd SSH



Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri

Meðfylgjandi:

Betri samgöngur: Staða og framgangur verkefna, júní 2026.